

Knattspyrnudeild ÍR

Axel Kári Vignisson, formaður

Reykjavík, 23. ágúst 2024

Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik ÍR og Þróttur R. þann 9. ágúst 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 20. ágúst 2024, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á leik ÍR og Þróttur R. í Lengjudeild karla þann 9. ágúst sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Skýrsla eftirlitsmanns á leiknum er svohljóðandi:

„Ófullnægjandi framkoma hluta stuðningsmanna heimaliðsins. Gróft orðbragð og framkoma við gestalið og dómara leiksins, einn kastaði krumpaðri áldós í átt að AD 2. Einn stuðningsmaður heimaliðsins hafði sig mest í frammi, sá sem kastaði. Aðalstuðningshópur virtist hafa meiri áhuga að hnýta í prúða áhorfendur gestanna, en að hvetja sitt lið. Ekki til eftirbreytni og sóma fyrir heimaliðið.“

Á fundi þann 13. ágúst leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að atvik, sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gætu varðað við grein 13.9. og/eða grein 5.10. laga KSÍ. Á fundi nefndarinnar þann 20. ágúst 2024 lá ekki fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild ÍR.

Niðurstaða

Að virtum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda heimaliðs í framangreindum leik ÍR og Þróttar R. hafi verið vítaverð gagnvart dómara og öðrum og falli því undir ákvæði 13.9.d í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi qerast sekir um vítaverð eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta knattspyrnudeild ÍR vegna framkomu áhorfenda liðsins á leik ÍR og Þróttar R. í Lengjudeild karla þann 9. ágúst sl. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar ÍR hæfilega ákveðin kr. 100.000. Við ákvörðun viðurlaga knattspyrnudeildar ÍR tekur nefndin mið af úrskurði á hendur knattspyrnudeild ÍR dags. 9.7.2024. Hefur úrskurður í fyrirbyggjandi máli því ítrekunarhrif sem sektarákvörðun tekur mið af.

Til grundvallar niðurstöðu vísar nefndin einnig til e) liðar 2. mgr. 16. gr. agareglna FIFA en í samræmi við grein 24.2. eru agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) ákvæðum

reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á. Ákvæði b) liðar 2. mgr. 17. agareglna FIFA er svohljóðandi:

All associations and clubs are liable for inappropriate behaviour on the part of one or more of their supporters as stated below and may be subject to disciplinary measures and directives even if they can prove the absence of any negligence in relation to the organisation of the match:

b) the throwing of objects;

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild ÍR skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson